

Selma Dögg Magnúsdóttir

MS-ritgerð: Analysis of proteins in plasma in relation to breast cancer with MRM mass spectrometry

Höfundur: Selma Dögg Magnúsdóttir er fædd árið 1994 í Vestmannaeyjum. Hún flutti til Reykjavíkur tveggja ára gömul og bjó þar fram að unglingsárum en þá flutti hún til Akureyrar. Árið 2014 útskrifaðist hún með stúdentspróf af heilbrigðiskjörsviði frá Menntaskólanum á Akureyri. Hún hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands árið 2016. Selma hefur starfað í apóteki samhliða náminu og að meistaraþrófi loknu stefnir hún á að starfa þar áfram sem lyfjafræðingur. Framtíðarplön eru að búa erlendis og kynnast fleiri hliðum lyfjabransans.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið meðal kvenna og greinast yfir tvær milljónir tilfella árlega. Skimun fyrir brjóstakrabbameini gegnir mikilvægu hlutverki í snemmgreiningu og þar með auknum lífslíkum. Skimunaraðferðir sem eru notaðar í dag eru ófullnægjandi og frekari þróun þeirra því nauðsynleg.

Markmið verkefnisins var að mæla 125 prótein í blóðvökva hjá 25 brjóstakrabbameinssjúklingum með UPLC-MRM massagreiningu og hjá 25 heilbrigðum einstaklingum til að greina hvort munur væri á magngreindum próteinum milli hópanna.

Af þeim 125 próteinum sem voru mæld voru 112 prótein magngreind með góðri nákvæmni. Það var ekki marktækur munur á milli magns einstakra próteina í blóðvökva hjá brjóstakrabbameinssjúklingum samanborið við heilbrigð viðmið, en sum prótein virtust vera hækkuð eða lækkuð í blóðvökva brjóstakrabbameinssjúklinga.